

Nr. 048 / 16 Sindri RE 46***Vélavana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1500
Smíðaður: Ísland 1977, Trefjaplast
Stærð: 8,3 brl. 11,49 bt.
Mesta lengd: 10,30 m Skráð lengd: 10,12 m
Breidd: 3,62 m Dýpt: 1,16 m
Vél: Caterpillar 112 kW, 2004
Fjöldi skipverja: 3



Sindri©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2016 var Sindri RE 46 á strandveiðum á Breiðafjarðarmiðum. Veður: NNA 3 m/sek.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð þar sem báturinn hafði misst öxuldrif. Björgunarskipin Sæbjörg II og Björg frá Rífi drógu bátinn til hafnar í Grundarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að öxultengi við gírinn fór í sundur;
- að tengið var úr plasti og hafði farið í sundur vegna slits.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.